

Reglur um frístundastyrk til barna og ungmenna í Hrunamannahreppi

1. Tilgangur frístundastyrks

Meginmarkmiðið með frístundastyrknum er að öllum börnum og ungmennum í Hrunamannahreppi á aldrinum 0–18 ára verði auðveldað að sinna uppbyggilegu tómsundastarfi.

Frístundastyrkur er nýttur til greiðslu fyrir þátttöku barna og ungmenna í íþróttta-, lista- og tómsundastarfi hvort sem slíkt er stundað innan Hrunamannahrepps eða utan.

2. Úthlutunarreglur

Foreldrar/forráðamenn barna og ungmenna á aldrinum 0-18 ára geta sótt um frístundastyrk. Tekið er mið af fæðingarári. Skilyrði er að bæði barn og foreldri/forráðamaður eigi lögheimili í Hrunamannahreppi.

Börn sem flytja í Hrunamannahrepp fá fulla greiðslu á því ári sem flutt er í sveitarfélagið. Frístundastyrkur getur aldrei orðið hærri en sem nemur æfingagjaldi/þáttökugjaldi iðkunar. Frístundastyrkur fyrnist um áramót. Ekki er hægt að sækja um ónýtta frístundastyrki frá fyrra ári.

Sveitarstjórn ákveður upphæð frístundastyrks í tengslum við fjárhagsáætlunargerð hvers árs.

3. Framkvæmd greiðslu

Frístundastyrkur Hrunamannahrepps er að jafnaði greiddur í gegnum skráningar- og greiðslukerfið Sportabler. Við kaup á námskeiði í Sportabler fyrir barn hjá félagi/aðilum sem bjóða upp á frístundastarf, innan eða utan Hrunamannahrepps, geta foreldrar valið að nýta styrkinn og draga hann frá þáttökugjöldum. Í þeim tilvikum þar sem ekki er um stafrænt skráningarkerfi að ræða skal senda rafræna umsókn inni á heimasíðu sveitarfélagsins ásamt kvittun fyrir greiðslu þáttökugjalda svo að greiðsla á frístundastyrk geti átt sér stað.

Rafræna umsókn má finna á heimasíðu sveitarfélagsins www.fludir.is

Upphæð frístundastyrks getur ekki orðið hærri en sem nemur æfinga/þáttökugjaldi viðkomandi íþróttta- eða tómsundagreinar. Þá frístundastyrki sem búið er að ráðstafa í æfingagjöld er ekki hægt að endurgreiða eða bakfæra til viðkomandi. Hafi viðkomandi ekki nýtt sér frístundastyrk að hluta eða að fullu falla eftirstöðvar niður um áramót.

4. Styrkhæf námskeið hjá félögum og öðrum aðilum

- Skilyrði er að um skipulagt starf, kennslu eða þjálfun sé að ræða af menntuðum þjálfara eða leiðbeinenda sem getur lagt fram upplýsingar um starfsemi sína til sveitarstjóra eða íþróttta- og tómsundafulltrúa sveitarfélagsins sé eftir því óskað. Þetta á t.d. við um allt íþróttastarf sem stundað er á vegum viðurkenndra íþróttafélaga, dans í dansskólum, listgreinar, skátastarf og tónlistarnám.
- Hægt er að nýta frístundastyrk til kaupa á líkamsræktarkortum (frá 14 ára aldri ef boðið er uppá námskeið í notkun tækja og gefin æfingaáætlun annars er miðað við 18 ára aldur).

- Heimilt er að nýta frístundastyrk fyrir sjálfstyrktarnámskeið og önnur námskeið sem hafa jákvæð áhrif á þroska og líðan barna og unglinga.
- Ekki er heimilt að nota frístundastyrk til að greiða sérstakan viðbótarkostnað svo sem vegna leigu á aðstöðu eða kaup á tækjum og búnaði, fatnaði eða vegna ferðakostnaðar.

5. Almenn um tómsundastarf barna

- Velferð og hagur barna skal hafður að leiðarljósi í öllu starfi og skal allt tómsundastarf vera í samræmi við ákvæði laga og reglugerða er varða börn.
- Þjálfarar skulu hvetja börn og unglinga til heilbrigðs lífennis og fræða um þá hættu sem stafar af neyslu ávana- og fíkniefna.
- Börn undir 18 ára aldri skulu ekki starfa við þjálfun eða leiðbeinendastörf í barnastarfi eins síns liðs. Aðalþjálfari og leiðbeinandi getur þó haft einstaklinga undir 18 ára aldri sér til aðstoðar.
- Farið er fram á að þjálfari, staðgengill hans eða aðrir sem koma að starfinu hafi ekki gerst sekur um bort gegn XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Til staðar skal vera sakavottorði til staðfestingar á þessu og er óheimilt að ráða til starfa einstakling sem holtið hefur refsidóm vegna brota á XXII. kafla almennra hegningarlaga.
- Farið er fram á að hvort sem er um félagasamtök innan UMFÍ eða ÍSÍ eða aðra aðilla að unnið sé með forvarnarstarf eftir viðmiðunum frá sérlegum samskiptaráðgjafa um íþróttá- og æskulýðsmál. Það á t.d. um hegðunarviðmið og viðbragðsáæltanir fyrir íþróttá- og æskulýðsstarfs við ofbeldi, einelti, slysum og öðru sem gæti komið uppá. Bæði má finna á síðunni: <https://www.samskiptaradgjafi.is>

Reglur þessar voru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps þann 7. Desember 2023 og tóku þá þegar gildi.

Aldís Hafsteinsdóttir
Sveitarstjóri